

Mannauðsstefna HSU

Mannauðsstefna HSU

FAGMENNSKA

VIRÐING

SAMVINNA



Öflugir leiðtogar



Hvatning og endurgjöf



Skýr sýn í
jafnréttismálum



Stöðug starfsþróun
og endurmenntun



Samskipti, ánægja
og vellíðan



Rétta fólkið

Mannauðsstefna HSU tekur til alls starfsfólks HSU og er markmið HSU að verða eftirsóttur vinnustaður þar sem starfsumhverfið hefur gildi stofnunarinnar; fagmennska, virðing og samvinna að leiðarljósi.

Markmið mannauðsstefnu HSU er að stuðla að stöðugri þróun mannauðsmála og hlúa að vellíðan og starfsánægju starfsfólks.

Rétta fólkið

HSU leggur áherslu á

- að ráðningar fari fram með faglegum hætti
- að hæfni og þekking séu höfð að leiðarljósi í ráðningum
- að tekið sé vel á móti nýju starfsfólki og nýliðafræðsla sé öflug
- að virðing og stuðningur séu sýnd við starfslok

Hvatning og endurgjöf

HSU leggur áherslu á

- markvissa endurgjöf með gæðaspjalli og starfsmannasamtölum með það að markmiði að fara yfir liðinn tíma og horfa til framtíðar
- að upplýsingaflæði sé gott á milli stjórnenda og starfsfólks
- að allt starfsfólk fái tækifæri til að nýta hæfileikana sína og lögð sé áhersla á faglega þróun

Öflugir leiðtogar

HSU leggur áherslu á

- öfluga og hæfa stjórnendur sem þekkja og skilja hlutverk sitt, ábyrgð og skyldur
- að stjórnendur séu með skýra framtíðarsýn, sýni gott fordæmi og séu hvetjandi
- að aðgengi sé gott að stjórnendum
- að stjórnendur stuðli að öflugri liðsheild
- að stjórnendur sýni ábyrgð í verki
- að stjórnendur vinni eftir gæðaskjölum og tryggi að starfsfólk nýti sér þau í starfi

Stöðug starfsþróun og endurmenntun

HSU leggur áherslu á

- að hvetja starfsfólk til að kynna sér þá fræðslu og endurmenntun sem er í boði hverju sinni
- að starfsþróun sé samstarfsverkefni starfsfólks og stjórnenda
- að starfsfólk beri ábyrgð á eigin þekkingu og færni
- að starfsfólk nýti sér þau gæðaskjöl sem eru til staðar og vinni eftir þeim

Skýr sýn í jafnréttismálum

HSU leggur áherslu á

- jafnrétti kynja, jafna stöðu og virðingu starfsfólks innan stofnunarinnar
- að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni og þjóðerni
- að greidd séu jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf

Samskipti, ánægja og vellíðan

HSU leggur áherslu á

- að einelti, ofbeldi, kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og fordómar séu ekki liðnir
- góðan starfsanda sem byggir á virðingu, samvinnu og fagmennsku
- gott, öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi
- að öll samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu, hreinskilni, tillitssemi og jákvæðni
- hvetjandi og drífandi samskipti þar sem nýjum hugmyndum er vel tekið og leitað er að lausnum til úrbóta

Til að tryggja stöðugar umbætur og gæði er mannauðsstefna HSU endurskoðuð árlega